



## Blaðamannafundir

Blaðamannafund skal íhuga með svipuðum formerkjum og fréttatilkynningu, fyrst og fremst skal íhuga hvort aðrir hafa áhuga á efninu og hvort tilefni er nægt til blaðamannafundar.

Það er ekki viðeigandi að halda blaðamannafund ef efnið er ekki annað en stutt fréttatilkynning sem afhent er. Á blaðamannafundi eiga að vera þeir sem skipta máli varðandi málefnið.

Huga skal að eftirfarandi atriðum:

- Haltu blaðamannafund sem fyrst að deginum. Góður tími er frá hádegi til klukkan 17. Eftir það er stutt til kvölds, þegar vinna á úr efninu. Kvöldfundir eru óvinsælir. Fjölmiðlafólk vinnur mikið á kvöldin vegna leikja og móta.
- Veldu hentugan stað fyrir fundinn.
- Dreifðu upplýsingum og tilkynningum í rituðu máli í upphafi fundar.
- Flyttu stuttan formála og láttu fundinn aldrei standa meira en eina klukkustund.
- Hugaðu að tímasetningu fundarins. Láttu hann ekki rekast á stórviðburði á íþróttasviðinu.

